



Kæra sveitarfélag

Óskað er eftir „hamingjuráðherra“ frá ykkar sveitarfélagi sem mun gegna hlutverki tengiliðs við nýtt áhersluverkefni Sóknaráætlunar

Suðurlands, á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem ber heitið **Hamingjulestin**.



Markmið verkefnisins er að gera Hamingjulestina að gátt fyrir fræðslu og verkefni sem stuðla að bættu geðheilbrigði og aukinni vitund um málaflokkinn. Einnig viljum við stuðla að aukinni virkni og hreyfingu allra Sunnlendinga en rannsóknir sýna að slíkt eykur jafnframt hamingju og vellíðan og styður við líkamlegt hreysti. Verkefninu er auk þess ætlað að auka enn frekar samstarf milli sveitarfélaga á Suðurlandi.

Fyrirhugað er að opna heimasíðu/vefgátt fyrir verkefnið auk þess að nota aðra samfélagsmiðla til að kynna og koma verkefninu á framfæri. Nokkur sunnlensk sveitarfélög hafa hafist handa við verkefnið Heilsueflandi sveitarfélag og vinnur Hamingjulestin vel með því verkefni. Önnur sveitarfélög eru ekki síður að huga að þessum málaflokki og ættu þau að geta nýtt Hamingjulestina í þeirri viðleitni. Ekki er krafist mikils vinnuframlags af hamingjuráðherranum. Hlutverkið er frekar hugsað til þess að taka á móti upplýsingum frá verkefnastjórum og þess vegna er gott ef hamingjuráðherrann sé nú þegar starfsmaður sveitarfélagsins og geti þannig auðveldlega miðlað upplýsingum áfram í sínu sveitarfélagi. Auk þess yrði ráðherrann tengililiður ef farið yrði í samstarf um verkefni í landshlutanum.

Árlega gerir Embætti landlæknis könnun meðal landsmanna um hversu [hamingjusamir](#) þeir eru og má finna skýrslurnar á vef embættisins. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hélt sex íbúafundi vorið 2019 í tengslum við mótun nýrrar sóknaráætlunar fyrir Suðurland. Þar kom skýrt fram að heilsan er ofarlega í huga íbúa og þá sérstaklega geðheilbrigði og andleg heilsa. Með þessu verkefni viljum við svara þessu ákalli íbúa og sendum Hamingjulestina af stað og vonum að sveitarfélögin tilnefni sinn hamingjuráðherra fyrir 9. apríl 2020.

Vinsamlegast sendið okkur nafn og netfang hjá þeim aðila sem þið tilnefnið hamingjuráðherra á netfangið sass@sass.is Hlökkum til komandi samstarfs.

F.h. SASS

Ingunn Jónsdóttir, Guðlaug Ósk Svansdóttir og Vala Hauksdóttir

Hamingjulestarstjórar